

Ed. 431. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum.

Flm.: Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Í VII. kafla laganna bætist ný grein er verði 24. gr. og orðist svo (töluorð síðari greina í lögnum breytist þannig að 24. gr. verður 25. gr. o. s. frv.):

Nú verður viðtækt og mikið atvinnuleysi yfirvofandi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafiss sem lokar höfnum á stóru landssvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir atvinnuleysi á viðkomandi landsvæði, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. þarfnast ekki mikilla skýringa þar sem í því felst einfaldlega að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar á þann veg að unnt sé að beita fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að fyrirbyggja eða draga úr atvinnuleysi sem dunið gæti yfir t. d. er hafis legðist að landinu á stórum landssvæðum.

Nú er mikill hafis fyrir vestan og norðan land og veruleg hætta talin á að hann geti lagst að landi og lokað höfnum, jafnvel í heilum landshlutum. Því er þessu máli hreyft nú, en áhersla skal lögð á að flm. telja að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi sjálf að hafa í hendi sinni, hvort, hvernig eða hvenær hún vildi nýta slíka heimild, og að fullt samráð verði haft við hana um afgreiðslu málsins frá þeirri þingnefnd sem fær málið til athugunar.